

GJALDSKRÁ

um norrænt umhverfismerki.

1. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að innheimta gjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu eins og nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Umsóknargjald er kr. 100.000.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt í sérstökum tilfellum að lækka umsóknargjaldið að fenginni umsögn stjórnar umhverfismerkisráðs.

3. gr.

Árgjald vöru sem ber norræna umhverfismerkið er 0,4% af ársveltu af árinu á undan.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 65/1994 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytið, 23. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

1. gr.

Við 6. gr. bætist svohljóðandi mgr.:

Undanþegin ákvæði 1. mgr. eru vetnisklórflúorkolefni. Söluaðilar skulu halda sérstaka skrá yfir allan útflutning þessara efna.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1993 og samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytið, 21. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.